

TÍMABUNDIÐ LÆKNINGALEYFI LÆKNAKANDÍDATA

Við undirritun ráðningarsamnings á Landspítala eða Sjúkrahúsi Akureyrar, eftir því sem við á, undirritar læknakandídat umsókn um tímabundið starfsleyfi sem tekur til alls kandiðatsársins samkvæmt kandiðatablokkinni. Læknakandiðatar fá tímabundið starfsleyfi sem nær til þess tíma sem kandiðatsárið tekur til samkvæmt 11. gr. laga nr 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn (<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012034.html>).

Tímabundið lækningaleyfi er gefið út til að sinna tilgreindum læknisstörfum á þeirri starfsstöð sem kandiðat er úthlutað skv. kandiðatablokk. Læknakandiðatar starfa undir stjórn og eftirliti læknis sem hefur fullgilt lækningaleyfi og undir handleiðslu handleiðara. Ef læknakandiðat ræður sig í starf utan kandiðatablokkar ber að sækja sérstaklega um tímabundið lækningaleyfi þar.

Réttur til að ávísa lyfjum takmarkast við sjúklinga og útskriftarsjúklinga á starfsstöð sem tilgreind er í tímabundnu starfsleyfi.

Allar lyfjaávisanir skulu vera í samráði við ábyrgan sérfræðilækni og færðar inn í sjúkraskrá. Engar lyfjaávisanir eiga að vera gerðar utan þeirrar starfseiningar sem kandiðat starfar á skv. kandiðatablokk. Fari kandiðat í leyfi á kandiðatsárinu hefur hann ekki leyfi til að ávísa lyfjum þann tíma.

Læknakandiðat ber að kynna sér og starfa eftir riti frá embætti landslæknis:

Leiðbeiningar um góða starfshætti lækna við ávísun lyfja

(<https://www.landlaeknir.is/um-embættid/greinar/grein/item31883/Leiðbeiningar-um-goda-starfshaetti-laekna-vid-avisun-lyfja>).

Mikilvægt að kandiðatar þekki til lyfjagagnagrunns embættis landlæknis sem er aðgengilegur í Sögukerfinu eða beint af vef embættisins á slóðinni:

(<https://lyfsedlar.landlaeknir.is/Login.aspx?ReturnUrl=%2f>)

Í þessum leiðbeiningum kemur meðal annars fram:

- Ef læknir ávísar lyfjum á einstakling sem hann veit lítið um er sérstaklega mikilvægt að hann skoði lyfjasögu þeirra í lyfjagagnagrunni embættis landlæknis.
- Læknir stýrir lyfjagjöf en ekki sjúklingurinn, og lækni ber að meta á gagnrýninn hátt hvaða lyfjum einstaklingur þarf á að halda og í hvaða skömmtum og endurskoði lyfjagjöfina reglulega.
- Læknir í afleysingastarfi á ekki að ávísa ávanabindandi lyfjum á sjúklinga nema í umsjá yfirlækna, þetta gildir sérstaklega um langtímameðferð með skömmtun.
- Lyfjaendurnýjanir til sjúklinga, sem eiga sér stað án stofuviðtals til sjúklinga sem ekki eru í samlagi læknis, ættu ekki að eiga sér stað án samráðs (að vera í samráði við) þann lækni sjúklingsins sem hóf meðferðina. Þetta á sérstaklega við þegar um ávanabindandi lyf er að ræða.